



Hjálparsveitin .. DALBJÖRG

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg - 1. tbl. 11. árg. Desember 2011



Gleðilegt ár!

Leiðari

Nú fylgjum við Dalbjargarfélagar 11. árgangi blaðsins okkar úr hlaði, með örlítið breyttu sniði. Þegar ég lít til baka sé ég að svo ótalmargt hefur breyst og þróast í starfinu okkar síðustu árin. Mér finnst alltaf að ég sé frekar nýr meðlimur í þessari björgunarsveit, þangað til ég minni mig á að það voru nú í haust 9 ár síðan ég hóf störf í sveitinni.

Í sveitinni okkar eru svo ótalmargar reynsluboltar sem hafa starfað með hvor öðrum í langan tíma og orðið góðir félagar. Það er góður kjarni í sveitinni og nýliðarnir verða hluti af þessum kjarna með tímanum. Kjarninn heldur svo við þekkingu og reynslu, og nýliðarnir koma inn með nýja þekkingu og aðra sýn á hlutina.

Það er það sem við lögðum upp með þegar við hófum vinnu við blaðið okkar í þetta sinn; að gera það með öðru sniði en verið hefur og reyna að horfa á hlutina frá öðru sjónarhorni. Margt hefur breyst á þessum árum sem ég hef starfað í sveitinni. Menntun hefur snaraukist og félagar eru sífellt að bæta við sig þekkingu. Unglingadeildin starfar nú með breyttu sniði sem gengur mjög vel, og eiga umsjónarmennirnir hrós skilið fyrir dugnaðinn. Mörg verkefni sem við

vinnum hafa þróast til hins betra, t.d. reykskynjarayfirferðin sem farin er á hverju ári. Einnig má nefna Handverkshátíðina sem við vinnum nú við ásamt öðrum félögum sveitarfélagsins á hverju sumri, en skipulag hennar hefur breyst með árunum og er nú orðið samstarfsverkefni félaga í sveitarfélaginu.

Í þessum árgangi blaðsins leggjum við áherslu á myndir, sem fá að tala sínu máli, nýjar sem gamlar. Við förum yfir gamla útkalssögu og sjáum hvað hefur breyst í skipulagi útkalla og búnaði björgunarmanna. Við skoðum hvað Dalbjargarfélagar hafa gert á árinu, og sjáum í máli og myndum hve samvinna félaganna í sveitarfélaginu var ánægjuleg við Handverkshátíðina í sumar. Við lítum um öxl og skoðum fyrsta Dalbjargarblaðið sem var gefið út árið 2001.



Sunna Axelsdóttir ritstjóri

Með þessum orðum vil ég óska ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og vona að þið hafið það gott yfir hátíðirnar.

Sunna Axelsdóttir
ritstjóri

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



Bústólpi
*Óskar viðskiptavinum sínum
gleðilegrar jólahátíðar
með þökk fyrir viðskiptin á liðandi ári.*



Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

-10°C

Þið verðið ekki fúl
í Smartwool
ullarfatnaði

FJALLAKOFINN

Laugavegi 11 Reykjavík | Reykjavíkurvegi 64 Hafnarfirði
sími: 510 9505 | fjallakofinn.is

við erum á
[facebook](#)
[twitter](#)

100% merino ull

smartwool 
smartwool.com



Unglingadeildin Bangsar

Síðastliðið ár hefur unglingadeildin Bangsar tekið miklum breytingum. Haustið 2010 tókum við þá ákvörðun að hafa unglingastarfið aðeins fyrir 10. bekk og miða starfið að vorönninni.

Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel og var dagskráin stíf fram á sumar. Við höldum nokkrar léttar æfingar og fundi á meðan snjórinn var ennþá yfir öllu og kynntust þau starfinu með því að taka námskeið og starfa litillega með öllum sjálfbóðaliðunum í Dalbjörg. Krakkarnir höfðu einnig umsjón með dósagámi Dalbjargar sem stendur við tjaldstæðið hjá Hrafnagilsskóla. Við tókum okkur pásu meðan á prófum stóð en gerðum okkur svo ferð á Dalvík í sumar á Landsmót Unglingadeilda Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Þessi ferð lukkaðist mjög vel og komu allir þreyttir, en sáttir heim.

Í september síðastliðnum fóru Marsibil og Helga á Gufuskála á Lands-



Krakkarnir á æfingu í Bangsabúð.

fund umsjónarmanna unglingadeilda og var það mjög fróðlegt. Þangað komu umsjónarmenn frá öllu landinu og var farið í leiki og hópefli, hvort sem var inni eða úti. Þetta reyndist eflandi fyrir bæði þær sem umsjónarmenn og alla unglingadeildina í heild. Ákveðið var að breyta til á ný og hafa unglingastarfið í gangi allan veturinn hjá 10. bekk. Björgunarskólinn hefur búið til nám-

skeið sem eru sérstaklega ætluð fyrir unglingadeildir og því erum við vel í stakk búin að hefja björgunarsveitar-menntun hjá krökkunum.

Það sem eftir er af vetrinum eigum við eftir að gera mikið saman og hlökkum við til að keyra upp starfið aftur eftir jólafrí.

Umsjónarmenn Bangsanna. Marsibil, Helga og Guðlaug.



Á Landsmóti unglingadeilda.

Landsmót unglिंगadeilda 2011

Dagana 6. – 10. júlí var Landsmót unglिंगadeildanna haldið á Dalvík. Það voru 6 krakkar úr unglिंगadeildinni Böngsum ásamt 3 umsjónarmönnum sem lögðu af stað frá klukkan 20 á miðvikudagskvöldi. Við komum á Dalvík seinna um kvöldið og byrjuðum á því að tjalda og koma okkur fyrir. Síðan fórum við og hittum hinar unglिंगadeildirnar og hvíldum okkur svo fyrir fimmtudaginn.

Við vorum vakin með mjög „skemmtilegri“ og háværra tónlist klukkan 7 og vorum rifin á færur til að mæta í íþróttamiðstöðina á Dalvík klukkan 8, allir mjög þreyttir og údnir. Okkur var skipt í hópa og vorum við tvö úr okkar deild saman í hóp. Við byrjuðum á hópefli og fengum að kynna hinum í hópnum okkar betur með því fara í leiki og kynna okkur. Síðan var komið að því að byrja í þrautunum. Fimmtudagurinn fór í það að æfa okkur og svo byrjaði alvaran á föstudeginum.

Þau verkefni sem við fengum

voru til dæmis skyndihjálpi, rötun, rústa-björgun, hópeflisverkefni og síðan fórum við á slöngubáta og það var það sem stóð upp úr hjá okkur. Við fórum í köldu veðri á sjó á nokkrum slöngubátum og það má segja að það hafi ekki verið neinn þurr blettur á okkur og við vorum alveg frosin í gegn úr kulda. Samt sem áður var þetta rosalega gaman. Það var mikið gengið og því æfðumst við í því að ganga langar vegalengdir.



Hreiðar og Ólína á Landsmóti.

Á laugardagskvöldinu var grillveisla þar sem allir 400 krakkarnir og umsjónarmenn komu saman og borðuðu og svo var haldin kvöldvaka eftir það. Það sem var í boði á kvöldvökunni var m.a. skemmtiatriði frá umsjónarmönnum, keppni milli umsjónarmanna og afrakstur dagsins í lagakeppni, þar sem við sömdum texta með hópnum okkar og fluttum hann með alls kyns hljóðfærum og söng. Við fórum í leiki og enduðum síðan á útiballi þar sem dansað var mikið langt fram eftir nóttu og fórum seint að sofa.

Sunnudagurinn rann upp og þá skildu leiðir okkar við þessa frábæru krakka sem við kynntumst. Við tókum dótið okkar saman og lögðum í hann til Akureyrar, með viðkomu í sundlaug þelamerkur þar sem við lágum lengi og spjölluðum um þessa frábæru helgi. Það var gott að komast heim eftir frábæra daga á Dalvík, allir sáttir og sælir með Landsmótið.

Ólína Rut Rögnvaldsdóttir



- ◆ Malbikun
- ◆ Kranabílar
- ◆ Vinnulyftur
- ◆ Vegheflar
- ◆ Gröfur
- ◆ Snjómokstur o.fl.



Sími

896 5332

866 7955 - Fax 462 4460

Óseyri 8 - 600 Akureyri - malbikun@simnet.is

Fljótandi malbik

Gussasphalt

Frábær lausn fyrir
mjaltabása,
mjólkurhús
og margt fleira





Landsæfing á Vestfjörðum

Helgina 7.-9. október fór sameiginlegur hópur frá Hjálparveitinni Dalbjörg og Björgunarsveitinni Tý á Landsæfingu Slysavarnarfélags Landsbjargar sem haldin var á Vestfjörðum. Æfingin var gerð út frá Ísafirði, en björgunarsveitir á svæði 7 sáu um að skipuleggja og framkvæma æfinguna. Fimm félagar frá Dalbjörg og tveir frá Tý tóku þátt og var farið á Dalbjörg 1 og Tý 1 sem var í sinni jómfrúarferð fyrir sveitina.

Við skráðum okkur í verkefni fyrir skyndihjálpar-, bíla- og fjallabjörgunarflokk. Æfingin sjálf byrjaði kl. 8 á laugardagsmorgni og var þá búið að úthluta fyrstu verkefnum. Okkar verkefni var utan í fjallinu Kubbi, en þar áttu tveir unglingar að hafa verið á göngu og fallið niður hliðina.

Annað verkefni sem við vorum boðuð í var á móti Ísafjarðarbæ, en þá hafði rofnað samband við tólf sæta flugvél sem var að koma til landingar. Þar sem þetta var hópslys var búið að boða fleiri sveitir í það, þar á meðal Spora úr Hafnafirði. Áður en við hófum verkefnið lentu félagar frá Spora í

óhappi. Þeir veltu einum jeppanum sínum upp á Dagverðardal og ekki var vitað um ástand á fólki. Við vorum þegar beðin að leita að þeim og koma þeim til aðstoðar. Við fundum þau skömmu síðar, en þá höfðu þau velt jeppa sínum út fyrir veg og á hvolf. Ekki voru mikil meiðsli á mannskap en bíllinn var ónýtur. Við veittum þeim aðstoð við að komast til Ísafjarðar og bjarga dóti úr bílnum.

Eftir þetta tók við rústabjörgunarverkefni, en þar hafði jarðskjálfti riðið

yfir. Þegar við komum á staðinn var rústabjörgunarhópur frá Kópum í Kópavogi búinn að vera að vinna þar síðan klukkan 8 um morguninn við að komast inn í húsið og leita að slösuðum. Eini inngangurinn var um glugga á annarri hæð. Við fengum strax það verkefni að sjá um sjúklinga og var búið að finna fjóra slasaða. Við fórum strax í að hlúa að þeim og koma þeim út og sjá um flutning á þeim inn á Ísafjörð þar sem Björgunarsveitin Suðurnes var búin að koma upp greiningarstöð. Þegar leið á



Skyndihjálparæfing



verkefnið fundust mun fleiri sjúklingar og þá var ljóst að við þyrftum meiri aðstoð, auk þess sem aðili frá okkur tók að sér vettvangsstjórn. Alls sinntum við 15 sjúklingum sem við þyrftum að hlúa að og koma út auk þess að ráðstafa flutning á greiningarstöð.

Við höfðum nóg að gera allan tímann og verkefnið voru fjölbreytt. Björgunarsveitir á svæði 7 mega vera stoltar af þessari góðu æfingu.

Pétur R. Tryggvason



Sjúklingur látinn síga niður af þaki



Rústabjörgunarverkefni



Vélsleðar
Fjór hjól
Sleðafatnaður
Sleðaskór
Hjálmar
Gleraugu
Aukahlutir

ARCTIC SPORT

Akralind 2 - 201 Kópavogur
S: 578-0820 - arcticsport.is





FLUGELDAMARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



Afgreiðslutími:

28. desember kl. 13-22

29-30. desember kl. 10-22

31. desember kl. 9-16

6. janúar (þrettándinn) kl. 12-16

Flugeldasími: **867 8586**





Hjálparsveitin
DALBJÖRG

Pabbar og mömmur nota líka hlífðargleraugu

- eigum örugg og ánægjuleg áramót



SLYSAVARNAFÉLAGID
LANDSBJÖRG



Sjóvá er aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar



Gledilega hátíð!

www.rarik.is

*Gleðileg jól, með
bestu óskum um
gott og orkuríkt
nýtt ár!*



Útköll og aðstoð



Leit að þýskum ferðamanni.

31. desember 2010

Tveir jeppamenn lentu í vandræðum á Eyjafjarðardal þann 30. desember og vörðu nóttinni í botni dalsins. Á gamlársmorgun mokuðu þeir sig um 10 km leið og gátu hringt í hjálp. Þrjú bílar fóru til hjálpar mönnum og komu þeim til byggða.

7. janúar

Hjálparlið Dalbjargar fékk útkall um að aðstoða Slökkvilið Akureyrar við að slökkva eld í hesthúsi, en engin dýr voru í húsinu. Það brann til grunna, en unnið var við að slökkva í glæðum og tryggja lausar þakplötur.

19. janúar

Sleðaflokkur Dalbjargar var kallaður út vegna slyss á Glerárdal. Maður hafði ekið fram af hengju á snjósleða og slasast við fallið. Tveir menn frá Dalbjörg fóru á staðinn ásamt sleðadeild Súlna og fleirum. Þyrla Landhelgisgæslunnar kom og sótti manninn og flutti á Sjúkrahúsið á Akureyri.

14. mars

Hjálparveitin Dalbjörg var kölluð út vegna þaks sem var að fjúka á bænum Litla-Garði í Eyjafjarðarsveit. Björgunarsveitarmenn voru 3 tíma að koma þakplötum á sinn stað og tryggja gegn frekara foki.

5. apríl

Hjálparlið Dalbjargar var kallað út til aðstoðar slökkviliðinu vegna elds innan dyra á bænum Nesi í Eyjafjarðarsveit. Hjálparliðið var mætt þangað á undan slökkviliðinu með vatnsöflunarbúnað. Greiðlega gekk að slökkva eldinn og engin slys urðu á fólki.



Útkall í Litla-Garði



*Bestu óskir um
glæðileg jóla
og farsælt nýtt ár*



HÚSASMÍÐJAN

Lónsbakka · Sími 460 3500 · husa.is



Útkall við Urðarvötn.



Útkall við Urðarvötn.

24. apríl

Sleðadeildin fékk símtal frá sleðafólki sem var á ferð austanmegin Eyjafjarðar, en þau voru orðin villt og rötuðu ekki að bílunum. Þau gáfu upp GPS punkt og



Bíll dreginn niður Eyjafjarðardal.

var leiðbeint rétta leið um Uxaskarð. Tækjaflokkur Dalbjargar og sleðadeild Súlna voru ræst út þegar ekkert heyrðist frá fólkinu, en þegar flokkarnir voru á leið úr húsi náðist til fólksins aftur, sem var komið að bílunum sínum.

25. maí

Leitað var að þýskum ferðamanni, sem ekkert hafði spurst til síðan hann skrifaði í gestabók þann 14. maí í Versölum. Sleðadeildir leituðu mannsins í öllum skálum á svæðinu frá miðnætti og jeppaflokkar fóru af stað um hádegi eftir að heyrst hafði frá manninum. Maðurinn fannst á svokallaðri Forsetaleið, kaldur en heill á húfi.

16. júní

Útkall vegna manns sem var meiddur í Laugafelli. Dalbjörg 1 og 2 héldu af stað í Laugafell, um Kerhólsöxl þar sem Eyjafjarðardalurinn var ófær vegna snjóá. Þegar upp var komið var snúið við, því þá höfðu Skagfirðingar náð til mannsins.

20. júní

Sleðamenn voru í vandræðum við Bergland með bilaða og bensínlausa sleða. Farið með eldsneyti til þeirra og þeim hjálpað að komast til byggða.

15. júlí

Hjálparsevritin aðstoðaði við að ná hesti upp úr haughúsi á bænum Litla-Garði í

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár



Kælismiðjan Frost ehf.

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölnisgötu 4b
603 Akureyri
Sími 464 9400
Fax 464 9401
frost@frost.is

Kælismiðjan Frost ehf.
Lyngás 20
210 Garðabæ
Sími 464 9400
Fax 464 9402
www.frost.is

Heildarlausnir fyrir smærri og stærri verkefni í kælliðnaði:

Frysti og kæligeymslur
Stálgrindarhús
Veggeiningar
Hurðir
Frysti og kælikerfi

Minni frysti og kæliklefar
Staðlaðir klefar frá 0,8 m2
eða eftir máli.
Sambyggð eða sjálfstæð frystikerfi

Verslanir
Kæli og frystimublur
Viðhalds og rekstrarþjónusta
Vaktþjónusta 24/7

Heilfrysting
Uppsjávar- eða bolfiskur
Sjálfvirkir plötufrystar, lóðréttir og láréttir
Frystikerfi

Einangrun
Lagna, kúta
Lesta og annarra rýma í skipum

Ráðgjöf og þjónusta
Hönnun
Bilagreining og rekstrarráðgjöf
Kælimiðlar

Eyjafjarðarsveit. Böndum var komið á hestinn og hann hífður upp úr skítinum.

18. júlí

Þrír félagar fóru á Dalbjörg 1 til að aðstoða mann sem hafði fest hjólið sitt í sandbleytu við Urðarvötn. Hjólið var losað og brotið kúplingshandfang lagað.

27. ágúst

Hjálparsveitin Dalbjörg auk annarra viðbragðsaðila var kölluð út vegna lítillar flugvélar sem átti í vandræðum. Flug-

maðurinn þurfti að drepa á vélinni og rjúfa straum og ætlaði að lenda á Melgerðismelum. Vélin sveif þangað og lenti heilu og höldnu.

28. október

Björgunarsveitarfólk á svæði 11 var kallað út til leitar að þremur piltum í Skagafirði. Þeir fundust heilir á húfi og leit var afturkölluð þegar mannskapurinn var að leggja af stað.

10. nóvember

Björgunarsveitir á svæði 11 voru kallað-

ar út til aðstoðar við leit að sænskum ferðamanni á Fimmvörðuhálsi. Hans hafði verið leitað síðan kvöldið áður, en veður var vont og landsvæðið erfitt yfirferðar. Sjö manns fóru til leitar frá Dalbjörg. Maðurinn fannst látinn um hádegi á laugardag.

17. desember

Nokkrir félagar fóru á sleðum og jeppum til að leita að kindum uppi í Sölvadal. Ferðin gekk vel og fundust nokkrar kindur sem komið var til byggða.



Bubbi að ferja kind til byggða.



Hermann að þrifa hestinn.

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár!





Opinn dagur

Laugardaginn 5. mars var opið hús í Bangsabúð í tilefni af afmælisdegi Dalbjargar, en sveitin var stofnuð þann dag árið 1983. Þar var „nýjgamlí“ bíllinn okkar, Cruiserinn, formlega tekinn í notkun aftur, en hann var nýkominn úr allsherjar uppfærslu hjá Hlyni á Akri og Inga í Ártúni. Meðal annars breyttu þeir félagar bílnum fyrir 46" dekk, settur var í hann skriðgír og fleira.

Boðið var upp á veglegt kaffihlaðborð með hjálp velunnara okkar og unglíngadeildin Bangsar sá um að alltaf væri nóg til. Það voru yfir hundrað manns sem sóttu okkur heim þennan dag og viljum við þakka öllum fyrir heimsóknina. Okkur bárust m.a. gjafir frá Eyjafjarðarsveit, Súlum, Þjórgunar-sveitinni á Akureyri, Straumrás og Ferro-Zink og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.



Merking á Cruiser.



Fjöldi manns í Bangsabúð.



„Nýr“ Cruiser í útkalli.

**Parketslípun
og lagning**

**Nýsmíði
og viðhald**



ÁK SMÍÐI

Sími 897 6036

MOTUL

Draupnigata 6 - 603 Akureyri - Sími 462 4600 - Finndu okkur á Facebook

www.motul.is

**Motul gæðaoliur á góðu verði.
Þjónustum bændur og verktaka.**



Jólagjafirnar fást hjá okkur

www.motul.island.is



Halvarssons
Knit húfa kr. 1.990



Halvarssons Maxi
hjálmhetta kr. 3.490



Halvarssons
hálskragi kr. 5.490



Halvarssons ullar-
flísjakki. kr. 19.990



Halvarssons ullar-
nærfatnaður.



Halvarssons buff
kr. 1.990



Halvarssons sokkar
kr. 2.490



Halvarssons vélsleða-
og útvistarboxur
kr. 29.900



Halvarssons-STR
neoprene hanskar
kr. 4.990

Horft yfir farinn veg

Þegar ég gekk í Hjálparsveitina Dalbjörg haustið 2002 hafði einu sinni áður verið gefið út blað um sveitina. Það var 4 blaðsíður. Síðan þá hefur starfið breyst og blaðið vaxið og dafnað. Nú í ár, 10 árum seinna, telur það 36 síður. Blaðið markar á margan hátt þær breytingar sem orðið hafa á starfi sveitarinnar síðustu árin. Í fyrsta tölublaði Dalbjargarblaðsins má lesa sögu yfirgrip Ingvars Þ. Ingólfssonar um stofnun sveitarinnar árið 1983 og fram til ársins 2001.

Ef við höldum áfram að rekja sögu sveitarinnar frá þeim punkti sem Ingvar lauk sinni frásögn, hafa þróun og breytingar á sveitinni haldið áfram. Sveitin hóf að kynna starf sitt fyrir nemendum Hrafnagilsskóla og úr þeim hópi hafa komið margir hæfir og öflugir einstaklingar.

Árið 2004 var grunnur lagður að stofnun Unglingadeildarinnar Bangsa, sem hefur þróast ört og nú er starfið í deildinni mjög öflugt með hæfum umsjónarmönnum. Þetta er nauðsynlegur þáttur í menntun og þjálfun unglunga sem hafa áhuga á að ganga í björgunarsveit, en þau koma vel undirbúin til liðs við hjálparsveitina.

Það hefur alltaf verið lögð mikil áhersla á menntun félagsmanna Dal-

bjargar og mörg námskeið haldin á ári. Með tímanum hefur kerfið auðvitað breyst eins og annað og nú hafa fjar-námskeið bæst í flóru Björgunarskólans, sem er mjög þægilegur kostur fyrir annasamt fólk. Félagar hafa mikla möguleika á að mennta sig á sínu áhugasviði, s.s. fjallabjörgun, skyndihjálpar eða öðru. Í gegnum árin hefur mikil áhersla verið lögð á skyndihjálpar og eigum við hóp af færðu fólki á því sviði, bæði sérmenntuðu og þeim sem hafa tekið venjuleg námskeið reglulega. Einnig er vaxandi fjallabjörgunarhópur starfandi hjá okkur.

Árið 2005 var keyptur nýr jeppi, Nissan Patrol, sem hefur reynst okkur vel við hlið Toyota LandCruiser bílsins sem kom úr mikilli yfirhalingu á þessu ári. Tækjaflokkur Dalbjargar hugsar vel um tækin okkar og eiga þeir Ingvar Þ. Ingólfsson og Hlynur Þórsson sérstakt hrós skilið fyrir vinnuna við að gera upp gamla bílinn okkar.

Í fyrsta skiptið sem Hálandisgæsla S.L. var starfrækt, árið 2006, tóku félagar Dalbjargar að sjálfsögðu þátt og hafa gert síðan. Sveitin hefur einnig verið öflug í annars konar forvörnum, en farin er yfirferð um Eyjafjarðarsveit einu sinni á ári og seldar rafhlöður í reykskynjara, auk annars eldvarnarbúnaðar. Þetta hefur verið gert frá árinu 1991 og alltaf er tekið jafn vel á móti okkur.

Útköll og aðstoð eru stór þáttur í starfinu okkar. Við sinnum jafnt stórum útköllum á hálendinu, sem aðstoðarbeiðnum í heimabyggð. Útkallshópurinn okkar er orðinn mjög sterkur og er það ekki síst viðhaldi menntunar og reynslu að þakka. Árið 2008 var undirritaður samningur við Slökkvilið Akureyrar um að Dalbjörg myndi manna hjálparlið í sveitinni fyrir slökkviliðið. Samstarfið gengur vel og fara meðlimir hjálparliðsins á æfingar og fundi til að viðhalda þekkingu sinni.

Sama ár hófst annars konar samstarf, en þá var Björgunarsveitinni Tý á Svalbarðseyri boðið pláss í Dalbjargarblaðinu. Síðan hefur það verið fastur liður í blaðinu og samstarfið hefur teygst sig yfir á önnur svið, s.s. æfingar, ferðir og aðra viðburði.

Næsta skref sveitarinnar sem unnið er í núna, er að komast í annað húsnæði. Núverandi húsnæði var byggt stuttu eftir stofnun sveitarinnar og nú er svo komið að tæki og búnaður kemst ekki lengur fyrir í húsnæðinu.

Það skal ávallt hafa í huga að það skiptir ekki máli hvers konar breytingar við göngum í gegnum og hvað við eignumst mörg ný tæki og tól, nema góðir félagar séu til staðar. Alltaf er það mannauðurinn sem skiptir mestu máli og sem allt mæðir á. Án öflugra félaga væri sveitin ekki stödd þar sem hún er í dag.

Hér á næstu síðum má skoða fyrsta tölublað Dalbjargarblaðsins. Nýjasta blaðið sem þú heldur í höndum þér núna, markar enn ein tímamót hjá Hjálparsveitinni Dalbjörg, breyting sem leiðir til frekari þróunar og bætingar.

Sunna Axelsdóttir.

Veistuhjónusta Greifans

Vid öll tækifæri

GREIFINN
VEITINGAROR
www.greifinn.is • 460 1600
Leitid upplýsinga

Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár

ÍSLENSK VERÐBRÉF
Þar sem þinir hagsmunir ráða ferðinni



Hjálparsveitin

DALBJÖRG

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg – 1. tbl. 1. árg. Desember 2001

Hjálparsveitin Dalbjörg:

Forsagan og þróun

Forsaga þessarar Hjálparsveitar er að árið 1981 fóru hreppsnefndirnar í gömlu hreppunum þrem að hugsa um að hvort ekki væri ráð að stofna Hjálparsveit í sveitinni til aðstoðar við sveitungana ef vá bæri að höndum. Haldnir voru fundir um alla sveit og voru undirtektir nokkuð góðar þó sínu mestar í gamla Saurbæjarhreppi. Seint á árinu 1982 var kominn vísir að fyrstu félögum í tilvonandi Hjálparsveit. Í mars 1983 var Hjálparsveitin formlega stofnuð og var í fyrstu kölluð Hjálparsveitin framur Akureyrar enda var fengin aðstoð frá þáverandi Hjálparsveit skáta á Akureyri sem leiðbeindu þessum hóp til að byrja með en fljót urðu menn þyrstir í meira sjálfstæði og fékk sveitin nafnið sem hún ber í dag og gekk í Landsamband Hjálparsveita sem síðar varð Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Mikill hugur var í hópnum og voru haldnir fundir reglulega var fengið inni hjá Kristjáni og Helgu í Steinhólaskála sem sýndu sveitinni mikinn velvilja.

1986 var fyrsta stóra ákvörðunin tekin í samráði við þau Steinhólahjón. Ákveðið var að byggja húsnæði fyrir sveitina og lagerpláss fyrir hjónin, hafist var handa árið 1986 og byggingin mátti heita fokheld um haustið. Á fimm ára afmæli sveitarinnar var húsið fullfrágengið og það vígt og tekið í notkun þá hafði sveitin einnig eignast ýmsan búnað og var líka tekin ákvörðun um bílakaup.

Veturinn 1988-89 fékk sveitin sinn fyrsta bíl Ford Econline og á hann enn. Árið 1994 keypti sveitin gamlan snjóbíl og þjónaði hann sínu hlutverki með nokkrum endurbótum. En þetta var ekki nóg, það þótti sýnt að það þyrfti að eignast öflugan jeppa og í janúar 1997 eignaðist sveitin Toyota Land Cruiser full-



Dalbjörg 1. Toyota Land Cruiser 384.



Dalbjörg 4 og 5. Yamaha Ventura 700.

búin Hjálparsveitar jeppa. Fljótlega upp úr þessu var ljóst að rekstur Steinhólaskála yrði hætt og þótti þá tilvalið að kaupa lagerplássið til að fá meira húsrými þannig að í dag er sveitin í um 150 fermetra húsnæði. Árið 1998 eignaðist sveitin sinn fyrsta sleða af Polaris gerð, sem var svo endurnýjaður haustið 2000 þegar keyptir voru tveir Yamaha ventura 700 sleðar. Nú á þessu ári var síðan snjóbíllinn endurnýjaður þegar Éli (Snow trak árg.66) var skipt út fyrir Leitner 250 árg. 87 mjög öflugan snjóbíl með tönn. Þannig að í dag á sveitin ofantalið húsnæði og tæki auk mikils búnaðar til dæmis eru öll ökutæki búin fjarskipta og leiðsögutækjum af bestu gerð. Félagarnir eru um 50 talsins og eru búnir að taka hin ýmsu námskeið og er þeim skipt eftir kunnáttu og reynslu niður í flokka.

Hér hefur verið dregið á flestum vendipunktum í ferli sveitarinnar frá upphafi.

Ingvar P. Ingólfsson



Dalbjörg 3. Leitner LH 250.

MUNIÐ FLUGELDANA OKKAR!

Flugeldasala Dalbjargar

Hjálparsveitin Dalbjörg hefur selt sveitungum sínum flugelda undarfarin ár og er það ein af aðal fjáröflunum hjálparsveitarinnar. Hjálparsveitin hefur ekið með flugeldana heim að húsi og einnig selt þá í Bangsabúð húsi hjálparsveitarinnar. Flugeldana kaupir sveitin inn ásamt öðrum aðildarsveitum í gegnum Slysavarnarfélagið Landsbjörg. Í ár fluttum við flugeldana norður til

Dalvíkur ásamt Dalvíkingum og Árskógsstrendingum og sóttum þá þangað, allt til að spara flutningskostnað. Enda eru flugeldarnir á talsvert lægra verði en annars staðar. Við vonum að sveitungar taki jafn vel á móti sölumönnum okkar og síðastliðin ár og haldi áfram að styrkja öfluga hjálparsveit í heimabyggð.

Landsæfing björgunarsveitanna

Landsæfing björgunarsveitanna var haldin 12. - 13. október á Snæfellsnesi í kringum Gufuskála. Hjálparsveitin Dalbjörg tók þátt í æfingunni og var hópurinn skipaður 12 einstaklingum.

Lagt var af stað seinni partinn Föstudaginn 12. október og var markmið ferðarinnar að læra rústabjörgun. Ferðin vestur gekk vel fyrir sig og var stemningin góð. Við komum í grunnskólann á Hellissandi rétt fyrir miðnætti og lögðum okkur í nokkra klukkutíma áður en æfingin byrjaði. Eftir stutta hvíld var okkur úthlutað verkefni og æfingin byrjaði 4 um nóttina.

Fyrsta verkefnið var í Ólafsvík og fylgdi því síðan fjöldi verkefna víðsvegar um Snæfellsnes.

Eftir að hópurinn hafði fengið að vita staðsetningu vettvangsins og allar vitaðar upplýsingar varðandi slysið var lagt af stað á vettvang og var þá undir hópnum komið að sjá um afganginn. Þegar á vettvang var komið hófst leit að sjúklingum, var síðan kannað ástand og líðan sjúklinganna, hlúð að þeim og þurftum við svo að flytja sjúklingana út úr rústunum.

Það er ekki frásögum færandi að hvar sem okkur



12 manna hópur Dalbjargar á Landsæfingunni á Snæfellsnesi.

bar að garði var okkur hrósað í bak og fyrir fyrir vel unnin störf. Að lokinni æfingu var snæddur kvölverður að Gufuskálum og var svo pakkað saman og haldið heim.

Þegar á heildina er lítið, var þetta vel heppnuð ferð og er óhætt að segja að hópurinn hafi styrkst til muna við þessa æfingu.

Sindri Alexandersson



Eyjafjarðarsveit

styrkti Dalbjörgu

vegna viðbyggingar, brúarsmiði

og sjóbílakaupa

og vill þakka fyrir

veittan stuðning.



Hjálparsveitin Dalbjörg

vill þakka Lionsklúbbnum Vitaðsgjafa

og Kvenfélaginu Hjálpinni

fyrir veittan fjárstuðning á árinu,

til kaupa á leiðsögutækjum og fleiru

á snjósleða sveitarinnar.

NEYÐARNÚMÉR:

852 2453 – 463 1370



Nýr snjóbíll

Dalbjörg festi kaup á nýjum snjóbíl nú á haustdögum. Þar sem gamli snjóbíllinn var orðinn úreltur og stóð ekki undir kröfum sveitarinnar. Félagsmenn töldu að tímabært væri að kaupa nýjan snjóbíl eða hætta rekstri snjóbíls. Sú ákvörðun var tekin að keyptur yrði nýr snjóbíll, og var ákveðinn bíll hafður í huga sem var í eigu Björgunarsveitarinnar Kyndils í Mosfellsbæ.

Fest voru kaup á snjóbílnum og gamli bíll sveitarinnar settur uppí. Nýi bíllinn er af gerðinni Leitner LH250 sem er yfirbyggður snjótroðari með tönn. Bíllinn er mjög vel útbúinn ljósum, leiðsögutæki, fjarskiptatækjum og öðrum nauðsynlegum björgunarbúnaði. Þetta er öflugt björgunartæki sem nýtist við erfiðar aðstæður.



Hinn nýji snjóbíll Dalbjargar.

Æfingar og annað


- 19. jan. 8 manns tóku þátt í námskeiðinu Aðkoma að látnum sem haldið var í Bangsabúð.
- 9.-11. mars 11 manns tóku þátt í námskeiðinu Skyndihjál 2 sem var haldið í Bangsabúð.
- 16.-18. mars Tækjamót björgunarsveita í Nýjadal. 23 Dalbjargar menn fara á tækjamót í Nýjadal á 5 jeppum, 3 snjósleðum og snjóbíl. Sveitin var ein sú fjölmennasta annað árið í röð.
- 6.-7. apríl Farið með 10 bekk Hrafnagilsskóla í ferð upp í Hveravelli og gist þar.
- 16. apríl Fjölskydudagur Dalbjargar var haldin á Flateyjarðal. 52 komu saman og léku sér á snjópotum og slöngum sem voru dregnar af sleðum og snjóbíl. Og á eftir var grillað.
- 25.-26. maí Landsþing S. Landsbjargar á Akureyri. 4 fulltrúar Dalbjargar sátu þingið.
- 1.-2. sept. Félagsferð Dalbjargar í Laugafell. Grillað ofl.
- 12.-13. okt. Landsæfing björgunarsveita var haldin á Gufuskálum á Snæfellsnesi. 12 Dalbjargar menn tóku þátt.
- 20. okt. Heimsókn 4 manna úr stjórn Slysavarnarfélagsins Landsbjargar þar sem þeir skoðuðu aðstöðu okkar og tæki.
- 15.-23. des. Hjálparsvæitin Dalbjörg sér um umferðargæslu á Glerártorgi.

Á haustdögum var farið í endurbyggingu brúar yfir Sölvadalsá við Eyvindarstaði. Var það gert í samvinnu við gangnamenn, Súlor, EY-LÍF og 4X4 og fengum við styrk frá Eyjafjarðarsveit í verkið. Viljum við þakka landeigendum á Eyvindarstöðum og Eyjafjarðarsveit fyrir velvild í garð Dalbjargar.



Jepparnir á leið á tækjamót.

Síðan var byrjað á breytingu á húsnæði Dalbjargar, sem verður klárað í vetur. Þá var önnur vinna, svo sem útstunga, girðingavinna og farið með hey í Laugarfelli fyrir hestamenn. Auk þess fór Elmar formaður á Formanna- fund 3. nóv. Tveir menn fóru á Fulltrúaráðsfund á Egilsstöðum, tveir menn fóru á svæðisstjórnarráðs- stefnu í Reykjavík og tveir menn fóru á flugeldanámskeið á Akureyri.



Pétur og Hólmgeir oddviti.



Snjósleða- og snjóbíllaflokkur á leið á tækjamót.

F • l • u • g • e • l • d • a • s • a • l • a

Munið eftir flugeldunum

Við munum vera með heimsendingarþjónustu eins og undanfarin ár og keyrum þá heim til þín dagana 27-31 desember, eða þú getur komið til okkar í Bangsabúð við Steinhóla á milli klukkan 20-22 þessa sömu daga. Einnig verður opið á Gamlársdag og á þrettándanum milli 12-15.

Flugeldarnir verða eins og áður á góðu verði!



Útköll á vegum Dalbjargar 2001

Smærri útköll og aðstoð

Festa þakplötur eftir rok, aðstoða bíla inn á Eyjafjarðardal, aðstoða bíleiganda eftir bílveltu, sjúkraflutningar til Akureyrar auk ýmisar smærri aðstoðar.

Útkall Pormódsstaðardal

Laugardaginn 22 september kl. 22:58 fékk Hjálparveitin Dalbjörg tilkynningu um að það væri týndur gangnamaður inn á Pormódsstaðardal. Hann hafði þá sést seinast um kl 11 um morguninn og hafði verið svipast um eftir honum þrisvar sinnum um daginn og seinast um kl 22:30 og ekkert sést til hans.

Var kallað út allt lið sveitarinnar og Lögreglan látin vita sem lét svæðisstjórn vita. Alls mættu um 10 manns í hús auk þriggja sem fóru beint á staðinn með tvö Endurohjól sem átti að nota til leitar. 12 Súlu menn á tveim jeppum mættu auk liðs frá Árskógsandi og Dalvík sem var á leiðinni.

Gangnamaðurinn, sem er á sjötugsaldri, var þá rétt ókominn að bíl sínum þegar hjálparveitir voru að leggja af stað frá Pormódsstöðum innsta bæ í Sölvadal. Hafði hann lent í erfiðleikum með að reka fé og síðan týnt því þegar dimma tók. Hjálparveitarmenn keyrðu manninn og bíl hans heim.

Útkall Garðsárdal

Sunnudaginn 5 ágúst kl 16:36 fékk Slökkvilið Akureyrar tilkynningu um að lítil flugvél með tveim mönnum innanborðs hafi nauðlent inn á Garðsárdal. Ekki er vit að um afdrif manna eða nákvæma staðsetningu, fóru sjúkrabílar á stað auk tækjabíls, sáu þeir fljótlega að flugvélin hlyti að vera innarlega á dalnum enn ekki er hægt að keyra inn Garðsárdal. Kl 16:55 var kallað til tveggja manna sem eru í Slökkviliði Akureyrar og hjálparveitinni Dalbjörgu og eiga Endurohjól til að koma og leita að vélinni. Voru þeir komnir með hjólin að Garði 19 mínútum seinna og búnir að finna mennina kl. 17:40, þar sem þyrlla landhelgisgæslunar, TF-Sif kom

og sótti þá stuttu seinna, en hún var stödd norðan heiða og þess vegna þetta fljót á vettvang.

**Pétur Róbert Tryggvason
HSD.**

Útkall Sprengisandur

Fimmtudaginn 11. október klukkan 12:34 fékk Hjálparveitin Dalbjörg tilkynningu um að tveir Hollendingar væru týndir á hálendinu. Seinast heyrðist í þeim daginn áður við Hrauneyjar. Þrír menn fóru á jeppa sveitarinnar upp úr Eyjafirði og inni Laugafell fóru um forsetaleið og inná sprengisandsleið og inni Nýjadal, þar var haldið til í smá stund meðan svæðisstjórn ákvað framhald.

Á sama tíma fóru tveir bílar frá Súlu upp Bárðadal. Einnig kom bíll frá Flugbjörgunarsveitinni frá Hellu og annar frá Dagrenningu á Hvolsvelli. Ákveðið var að Dalbjörg héldi áfram suður Sprengisand. 10 og hálfan km sunnan við Nýjadal eftir erfiðan akstur í þæfingsfærð fundu Dalbjargmenn Hollendingana í bíl sínum

(um kl 17:00) var þeim gefið að borða og yl komið í þá. Hálf tíma síðar þegar Hella og Dagrenning komu var ákveðið að bíllinn skyldi dreginn suður af hálendinu og Dalbjargmenn legðu á stað heim á leið, voru þeir komnir um 10 um kvöldið.

Elmar Sigurgeirsson

Útkall Brandi

Mánudaginn 29. október klukkan 18:34 fékk Hjálparveitin Dalbjörg tilkynningu frá slökkviliðinu á Akureyri um að það væri slasaður maður á Branda, inn af Djúpadal og slökkviliðið þyrfti aðstoð sveitarinnar. Þeir væru búnir að senda sjúkrabíl á stað með lækni. Fjórir menn fóru strax af stað voru komnir inn á Djúpadal kl. 19:20. Auk þess voru þrír menn til viðbótar kallaðir til. Fóru hjálparveitarmenn með búnað til burðar og ljós og aðstoðuðu sjúkraflutningsmenn að koma hinum slasaða um erfiða leið niður í sjúkrabíl. Útkalli lauk um 20:00.

Eva Dröfn Jónsdóttir

Við þökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning

alprent

**Trésmiðjan
Rútsstöðum**

**66[®]
NORDUR**

Slagadurinn

TOYOTA



**Blómáskálinn Vín
Eyjafjarðarsveit**

Globus



N

NORDURMJÓLK

**VÉLAR &
ÞJÓNUSTA HF**


**PLASTÁS
v/Óseyri**



**Garðyrkjastöðin
Grísará**



*Óskum viðskiptavinum okkar
farsæls komandi árs
með þakklæti fyrir það
sem er að liða*



Eyjafjarðarsveit

Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili



*Óskum starfsmönnum okkar og viðskiptavinum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári*

Allar vörur til ræstinga, áhöld, hreinsiefni, pappír og plast



Frostagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892-5232 / 865-8114 /
865-2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
email thrif@thrif.is / www.thrif.is





Dalbjargarferð 25. - 27. mars 2011

Upp úr hádegi föstudaginn 25. mars var saman kominn hópur fólks sem var að leggja af stað í hina árlegu Dalbjargarferð. Að þessu sinni skyldi haldið austur á land, nánar tiltekið á Haugsöræfi. Farartækin voru þrjár björgunarsveitarjeppar og þrjár einkajeppar auk þriggja sleða.

Ætla ég ekki að rekja ferðasögu okkar fyrr en við komum í Möðrudal til Villa, en þar er skylda að fá sér kaffisopa. Eftir spjall við kappann var haldið áfram og ekið áleiðis veginn til Vopnafjarðar. Við beygðum út af austan við Kálfafell og stefnan var tekin á skála við

Arnarvatn, en þar var meiningin að gista fyrrri nóttina. Veður var stillt og nokkurt frost þannig að tíma tók að fá yl í húsið. Eftir eldamennsku og spjall um leiðir morgundagsins var farið að sofa.

Laugardagurinn rann upp bjartur og fagur og tygjaði hópurinn sig snemma af stað. Ekið var áleiðis inn á Haugsstaðaheiði meðfram Hrutfjöllum og austur á Mælifellsheiði. Kistufell blasti við okkur og kom upp keppni meðal manna, allir skyldu þangað upp. Er þangað var komið blasti við hið fallegasta útsýni til allra átta, enda stödd í tæplega 900 metra hæð. Héldum við

svo þaðan áleiðis yfir Mælifellsheiði framhjá Sandhnjúkavatni og í svokallað austara símahús á Urðum.

Er ekki laust við að maður undrist þá getu og harðfylgi sem hefur þurft á árum áður þegar síminn var lagður árið 1906 frá Grímsstöðum til Vopnafjarðar um þetta svæði. Ekki höfðu þeir kallar 44 tommu breytta jeppa eða GPS tæki til að rata. Austurlandsdeild ferðaklúbbsins 4x4 hefur nú tekið þessi símahús að sér og gert upp. Vestara húsið er í brattri brekku suðvestanundir fjallinu Haugi, reist 1910 en gert upp 2004.

Eftir kaffistopp á Urðum var haldið



Sleðamenn við Viðihólskirkju.



áfram austur meðfram Sandhnjúkum áleiðis að Hafralóni. Útsýni var hið besta og naut fólk þess til hins ytrasta. Ekki var stoppað nema litla stund við skálann á Hafralóni, því ætlunin var að ná í skála er Vatnsendi heitir sem er á milli Sandár og Hólknár, skammt austan Svalbarðsnúps. Áttum við þar magnað kvöld með tilheyrandi veislumat, spili og spjalli.

Eitthvað var líka dundað í viðgerðum meðan beðið var eftir grillmatnum.

Sunnudagur rann upp ekki eins bjartur og dagurinn á undan, því skyggni var minna og ekki eins góð fjallasýn. Eftir frágang á flottu húsinu var lagt í hann og stefnan tekin heim á leið, meðfram Álftadyngjufjallgarði um Mosa og Mórilludal. Um kaffileytið var rennt í

hlað á Víðihóli, þeim forna kirkjustað, en Víðihóll hefur verið í eyði síðan 1964. Þá áttum við aðeins fáa kílómetra ófarna niður í Grímsstaði þar sem sleðamenn tóku niður á föstudeginum. Við brúna á Jöklu var svo vel heppnuðum hring lokað og þjóðvegurinn ekinn heim til Akureyrar eftir frábæra helgi.

Takk fyrir mig. Ingvar P. Ingólfss.



Skálinn á Vatnsenda í Pistilfirði.



*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

SPORTVER

*Óskum Eyfirðingum
og nærsveitamönnum
gleðilegs árs*

*Þökkum samskiptin á
liðnu ári*



NORÐURORKA



Molar úr starfinu



Hjóláð í páskagöngu Dalbjargar.

Viðburðir

Vetrarsportsýningin Éljagangur var haldin 12.-14. febrúar. Þar voru tækin okkar og búnaður til sýnis, auk þess sem við sáum um kassaklifur sem vakti mikla lukku. Einnig sá sveitin um gæslu á sýningunni. Okkar árlega páskaganga var á föstudaginn langa þar sem 50-60 manns tóku þátt.

Björgunarleikar, Landsþing og árs hátíð SL voru haldin helgina 13.-14. maí á Hellu og þangað héldu 12 manns frá Dalbjörg. Fimm manns tóku þátt í björgunarleikunum og sjö til viðbótar fóru suður og sóttu þing og árs hátíð. Helgin heppnaðist að sjálfsögðu vel og allir héldu glaðir heim.

Fjölskyldudagurinn var haldinn þann 1. maí í Kjarnaskógi í blíðskaparveðri og vinnuhelgi og grill var í Bangsabúð dagana 23.-24. júlí. Það var tekið til hendinni í Bangsabúð, húsið málað að utan og tekið í gegn að innan. Síðan var grillað og trallað um kvöldið.

Uppskeruhátíð félaga í Eyjafjarðarsveit var haldin þann 22. október á Melgerðismelum. Þar var góður matur og skemmtun í boði og mættu um 15 Dalbjargarfélagar. Haustferðin okkar var farin 12.-13. nóvember í Laugafell. Litlujolin voru haldin þann 17. desember í Félagsborg. Yfir árið sóttu félagar Dalbjargar og Týs tíma í íþróttahúsinu á Svalbarðseyri vikulega, þar sem var farið



Kassaklifur á Éljagangi.

í ýmsa leiki, og í haust var keyptur nýr vatnabjörgunarbúnaður til að hafa í báðum bílum sveitarinnar.

Fundir og fleira

Almennir fundir voru 11 á árinu. Aðalfundur var haldinn 14. apríl í Sólgarði. Þar var kosin ný stjórn, utan formanns sem sat áfram reglum samkvæmt. Stjórnarfundir voru 11 á árinu. Núverandi stjórn skipa: Eiður Jónsson, formaður, Viðar Garðarsson, varaformaður, Jóhannes Jakobsson, gjaldkeri, Haraldur Þór Óskarsson, ritari og Pétur Róbert Tryggvason meðstjórnandi.

Fulltrúaráðsfundur S.L. var haldinn í Háskólanum í Reykjavík 26. nóvember sem tveir stjórnarmenn sóttu.

Svæðisstjórn fundaði reglulega á árinu, en þar sitja tveir félagar Dalbjargar.

Fyrsta vinnukvöld ársins var í Bangsabúð fimmtudaginn 13. janúar. Einnig voru ófa vinnukvöld haldin til að halda við bílum og tækjum.

Nokkur æfingaferðir voru farnar á árinu, bæði í sleða- og jeppaflokki. T.d. var Glerárdalshringurinn farinn í janúar og einnig var farið í Réttartorfu. Einnig var farin æfingaferð á sleðum í apríl um Lágheiði og að Tungnahryggssjökli. Í maí var farið stutta ferð í Sandbúðir á jeppunum okkar.

Fjáraflanir

Fjáraflanir á árinu voru með hefðbundnu sniði. Flugeldasalan var að venju í Hrafnagilsskóla og gekk mjög vel. Við sinntum gæslu á þorablóti, og á tjald-



Fjör á björgunarleikum!



Kristján í spottaverkefni

svæðinu við Hrafnagilsskóla. Við tókum þátt í handverkinu og unnum við uppsetningu, sjúkragæslu og frágang. Einnig fórum við í árlega girðingavinnu í júní. Dósagámurinn okkar er staðsettur við tjaldsvæðið við Hrafnagilsskóla og er losaður reglulega.

Slysavarnir

Að venju var farið í reykskynjarayfirferð um sveitina, auk þess sem neyðarkallinn var seldur sömu helgina. Einnig sinntum við hundatalningu fyrir sveitarfélagið.

Tveir félagar sveitarinnar fóru í leikskólann Krummakot og gáfu börnunum endurskinsmerki, auk þess að fræða þau um mikilvægi þeirra.

Einn félagi fór í hálandisgæslu og dvaldi með Björgunarsveitinni Tý í nokkra daga á hálandinu þar sem þeir sinntu ýmsum verkefnum.

Nýliðar

Nýliðar sem urðu fullgildir félagar á síðasta aðalfundi eru: Edda Kamilla Örnólfsdóttir, Guðbjörn Elvarsson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hulda Björk Snæbjörnsdóttir.



Fjölskyldudagur í Kjarnaskógi.



Vinnudagur í Bangsabúð.



Bræður að störfum.

Hugmyndaríkar stelpur

Á árinu fengum við óvæntan styrk frá tveimur ungum stúlkum, þeim Birgittu Írisi Árnadótturog Valdísí Sigurðardóttur, en þær færðu sveitinni 7.809 kr. að gjöf.

Þær söfnuðu peningunum með því að selja þvottaklemmur í Reykárhverfi til styrktar hjálparveitinni. Klemmurnar höfðu þær sjálfar skreytt eins og fiðrildi.

Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir þetta flotta framtak!



Birgitta Íris og Valdís.

LÁTTU FAGMENNINA UM VERKIÐ...

- Almennar raflagnir
- Tækjaviðgerðir
- Tölvu- og símalagnir
- Símkarfi
- Bruna- og öryggiskerfi



Sími 460 6000 • www.rafmenn.is



Myndasíða - gamlar og góðar...



Skyndihjálparæfing um 1988-1990.



Finnur Aðalbjörnsson og Ingólfur Sig. á Garðsárdal



Tvíburar úr sveitinni við vígslu Bangsabúðar 1988.



Fjöldmenni við vígslu Bangsabúðar 1988.



Aðalfundur 1987, Rósant, Ingvar og Kristján.



Vinnuhópur við grunninn að Bangsabúð.



Vinnuhópurinn við Bangsabúð.



Kristján í Steinhólum tekur fyrstu skóflustunguna.



Hlynur og Jóel í Skotlandi 1991.



Heimsókn í Laxárvirkjun 1989-1990.



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár!

DREGG
SHIPPING



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Alltaf ódýrara á netinu



Aðeins nokkur skref á netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

Smelltu þér á flugfelag.is, taktu flugið og njóttu dagsins.

ISLENSKA AIRLINES FLUGFÉLAG ÍS. 2011



arionbanki.is – 444 7000

 Arion banki

Handverkshátíðin í Hrafnagilsskóla

Handverkshátíðin í Hrafnagilsskóla á sér 19 ára gamla sögu. Hún er vettvangur þar sem handverks-, listafólk og hönnuðir kynna sig og selja vörur sínar og er nú stærsti viðburður sinnar tegundar á Íslandi. Skemmtileg stemning hefur skapast í kringum hátíðina og ár hvert leggur fólk leið sína í Eyjafjarðarsveit til að sjá og kaupa keramik, vörur unnar úr hreindýraleðri, íslenskri ull, gleri, viði, silfri, olíu og akríl listaverk, íslenskar tiskuvörur og svona

mætti lengi telja. Á útsvæði hátíðarinnar selja garðyrkjumenn nýja uppskeru sína auk þess sem mismunandi uppákomur eru í boði hverju sinni.

Það eru félagasamtök í Eyjafjarðarsveit sem standa að framkvæmd sýningarinnar, þ.e. uppsetningu, miðasölu, gæslu, veitingum og frágangi. Það er svo komið að Handverkssýningin er orðin einn stærsti liðurinn í fjáröflun allra félaga í Eyjafjarðarsveit og þannig mikilvægt að vel takist til við að þróa



Oddvitinn í bændakeppni.



Ungvið dregið af sleðahundum.



Fjöldi manns á hátíðinni.



*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár!*

NORÐLENSKA

sýninguna og gæta þess að fjölbreytni hennar og sérstaða haldist um ókomna tíð.

Handverkssýningin 2012 verður sérstaklega vegleg þar sem um 20. sýninguna er að ræða og verður því fagnað með margvíslegum hætti. Þá ber að nefna að búið er að leggja drög að því að gerð verði heimildarmynd um sögu sýningarinnar, frá upphafi til dagsins í dag og verður það verk unnið að mestu leyti sumarið 2012.

Ég vil, fyrir hönd stjórnar Handverkshátíðarinnar, óska öllum íbúum Eyjafjarðarsveitar gleðilegs árs og megi nýtt ár færa okkur gæfu og gengi í því sem við tökum okkur fyrir hendur.

F.h. stjórnar Handverkshátíðar
Arnar Arnason



Krakkar úr Samherjum við sölubás Dalbjargar og Samherja.

*Bestu óskir um **gleðileg jól**
og farsælt nýtt ár*

Daglegt brauð

*Bestu óskir um **gleðileg jól**
og farsælt nýtt ár*

ÍSKRAFT
RAFIÐNAÐARVERSLUN
Akureyri ☎ 455 1200

*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

**VERSLUNIN
Brynja**
Aðalstræti 3
Akureyri

NB
LANDBÜNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.



Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla

TAK
INNRETTINGAR

SS BYGGIR EHF - Njarðarnes 14 - 603 Akureyri - Símar 460 6100 - ss@ssbyggir.is - www.ssbyggir.is

Leitin að TF-ROM

Það rifjaðist upp fyrir mér einn bjartan septemberdag í haust er ég beið í fyrirstöðu við innrekstur á bæ hér fram í firði og virti fyrir mér Torfufellsfjallið baðað í morgunsól, að fyrir réttum 30 árum fór ég í mína fyrstu leit. Ég renndi augunum upp í Þórdísarskarðið og varð hugsað til þess er við stóðum þar 5 sveitavargar í mailok 1981.

Upphafið að þessari sögu atvikast þannig að kvöldið 27. maí kl 19:20 fór TF-ROM í loftið frá Reykjavík og var ferðinni heitið til Akureyrar á landsþing Junior Chamber hreyfingarinnar, en um borð voru 4 menn. Þegar leið á kvöldið og flugvélin skilaði sér ekki til Akureyrar þótti mönnum ljóst að eitthvað hafði komið fyrir. Flugvélin hafði eldsneyti til flugs í 4 tíma og heyrðist síðast í henni yfir Akrafjalli.

Strax um kvöldið voru sendar flugvélar til leitar frá Reykjavík og leit undirbúin á jörðu niðri. Vísbendingar bárust um að vélin hefði sést í Skagafirði á leið austur yfir Tröllaskaga og var leitarþunganum beint á það svæði til að byrja með. Ekki er mér alveg ljóst í minningunni afhverju við 5 sveitavargarnir lentum inn í þessum aðgerðum, en minnir að það hafi verið fyrir beiðni frá þáverandi Flugbjörgunarsveitinni á Akureyri að fá heimamenn til að leita brúnir og Torfufellsfjallið sjálft, en þoka hafði hamlað leit úr lofti hér á og

við Tröllaskagann frá því að vélin hvarf.

Að morgni 29. maí stóðum við 5 á hlaðinu í Hólsgerði, Gunnar Jónsson Villingadal, Indriði Kristjánsson Leyningi, Högni Svanbergsson Jórunnarstöðum, Kristinn Kristinsson Vatnsenda og Ingvar Þ. Ingólfsson Ártúni. Við tók gangan upp í Þórdísarskarðið og þaðan norður á fjallið sjálft. Ekki var nú búnaður okkar líkur því sem þekkist í leitum í dag. Held ég að ekki hafði verið búið að finna upp GPS tæknina, hvað þá Tetra fjarskipti. Við lögðum af stað þokkalega klæddir og skóaðir með nesti, aukaföt og tvær



Flak vélarinnar við Þverárvötn.

svokallaðar labb-rabb stöðvar, en þær áttu bændur í sveitinni. Ætluðum við að freista þess að þær næðu til byggða ef eitthvað kæmi fyrir hjá okkur og eins til að ná á milli okkar. Áttavita höfðum við flestir með okkur og þar með má segja að leiðsögubúnaður hafi verið upp talinn.

Ætlunin var að fara suður sitt hvoru megin við hábungu Torfufellsins. Er upp í Þórdísarskarð var komið vorum við komnir í svartapöku en áfram var pufast og upp á fjallið komum við okkur. Ekki var nú bjartara þar. Þá vorum við líka farnir að ganga eingöngu á snjó sem var farinn að meyrna því vor var í lofti þótt kalt væri. Var því gangfæri frekar þungt. Er við komum upp var tekið nestisstopp og við skiptum okkur upp; Högni og Kiddi ætluðu suður austanvert fjallið en við hinir vestanvert. Enn var á okkur þoka sem fylgdi okkur reyndar alla ferðina.

Atvikast það þannig að ég er ystur á brúninni og svo hinir í línu til austurs. Ekki sáum við á milli okkar en heyrðum hvor í öðrum og gátum þannig kallast á, því veður var stillt. Fljótlega kom í ljós að labb-rabb tækin náðu hvorki til byggða eða yfir til þeirra hinna er fóru að austanverðu og einnig þyngdist gangfæri, en við vorum farnir að vaða snjóinn upp undir hé á köflum. Þokan gerði það einnig að verkum að það var orðið mjög blindað. Ég man að mér brá illa er ég



*Óskum viðskiptavinum okkar
glæðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Jólakeðjur.*

Starfsfólk Bakaríðsins við Brúna



Opð virka daga frá kl. 7–18 · Um helgar kl. 7–16



*Bestu óskir um
glæðileg jól
og farsælt nýtt ár*



steig næstum út í tómið þar sem stór hengja var farinn að húsa frá í snjóskál-inni. Ég færði mig fjær brúninni en reyndi alltaf að sjá í sprunguna til að halda vissri fjarlægð eftir þetta. En áfram þaufaðist leiðangurinn og dagurinn leið.

Er við komum suður í svokallað Lambárdrag á Torfufellsdal þótti okkur nóg komið, enda hálf tilgangslítið að leita í svona skyggni. Komu þeir þá austan að Gunnar og Indriði og saman löbbuðum við niður dragið. Við vorum reyndar hálfvegirnir er niður úr þokunni kom og fengum vissu okkar að við værum í Lambárdraginu. Við komumst yfir Torfufellsána á snjóbrú og röltum svo heim í Villingadal.

Í framhaldinu var leit úr lofti haldið áfram næstu daga. Meðal annars var fengin flugvél frá ameríska hernum sem myndaði fjöllin á Tröllaskaganum í von um að finna flak vélarinnar sem þá talin af, en það bar ekki árangur. Á þessum tíma var talið að þetta væru



Ingvar 30 árum síðar á landsæfingu SL á Ísafirði.

umfangsmestu leitaradgerðir síðan flugvél Geysir nauðlenti á Bárðarbungu 1950. Skipulagðri leit var hætt 2. júní en þýrta Landhelgisgæslunnar fann flak TF-ROM 10. júní á Holtavörðuheidi við Þverársvötn.

Upp úr þessu spunnust umræður í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps um hvort stofna ætti hjálparveit í hreppnum, eða í hreppnum framan Akureyrar. Sú umræða og fleiri vofeiflegir atburðir hér í sveit með stuttu millibili hafa sennilega

ýtt undir stofnun Hjálparveitarinnar Dalbjargar árið 1983. Allavega 4 okkar sem fóru þessa ferð urðu virkir í starfi Dalbjargar fyrstu árin.

En læt ég hér staðar numið. Það er merkilegt hvernig fallegur sólskinsmorgunn getur vakið upp gamlar minningar. Vona ég að þú, lesandi góður, hafir haft gaman að og langar að lokum að óska lesendum öllum árs og friðar.

Ingvar Þ. Ingólfsson.

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



SAMHERJI HF

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

G. HJÁL MARSSON HF
AKUREYRI

*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

 **STRAUMRÁS hf.**

Myndasíða





Ekki vandamál!



*Óskum viðskiptavininum okkar farsæls komandi árs
með þökk fyrir viðskiptin á liðnum árum.*

CAR-X
Tjónaskoðun -viðgerðir- Framrúðuskipti

CAR-X Njarðarnesi 8. Akureyri S:4624200 www.car-x.is



Björgunarsveitin Týr, Svalbarðseyri

Viðburðir á árinu

Árið hjá okkur í Tý byrjaði með glæsilegri flugeldasýningu og áramótabrennu á Svalbarðseyrinni í fjölmenni og blíðskaparveðri. Nokkrum dögum síðar skall á með norðanátt og snjókomu og blés allharkalega. Aðstoðarbeiðnir á þessum óveðursdögum voru af öllu taginu, allt frá klassískum bílavandræðum til beiðni um að ná báti upp úr höfninni sem hafði farið á hliðina í veðrinu og sokkið.

Í febrúar var tækjamót Slysavarnarfélagssins Landsbjargar haldið og Týsmenn tóku þátt ásamt sveitum víðsvegar að. Allir voru mjög ánægðir og veðrið var gott, en hefði þó mátt vera meiri snjór.

Fyrir ári síðan hófu tveir meðlimir sveitarinnar þjálfun á leitarhundum og hafa sótt námskeið um allt land. Ef allt gengur eins og stefnir í, þá verður fyrsti hundurinn kominn á útkallsskrá í mars til snjóflóðaleitar.

Vikuna 5.-12. ágúst fóru þrír meðlimir í Tý á hálendisvakt Landsbjargar á Sprengisandi. Aðstaða var í kofa í Nýjadal, glænýr kofi og í alla staði til fyrirmyndar.

Vikan var mjög róleg og lítið um útköll, en á móti kom að dagskráin var nokkuð stíf þegar kom að leiðum sem



Gamli Patrol í hálendisgæslu 2011.

þurfti að keyra. Alls keyrðum við 1700 km. þessa viku og má segja að varla sé sá slóði á Sprengisandi sem við höfum ekki keyrt. Verkefni þessa viku voru heimsóknir í ýmsa skála á svæðinu, lagfæringar á dekkjum ferðamanna, leiðsögn yfir vöð, smábílum snúðið við aftur til byggða, aðstoð við par á bifhjólum sem hafði misst hjólið ofan í á, ferðamanni með veikindi leiðbeint og margt fleira. Á þriðjudeginum fengum við heimsókn frá einum úr Dalbjörg og hann var með okkur út vikuna. Nokkrir frá Súlum litu við hjá okkur og voru með okkur í einn dag. Síðasta kvöldið okkar á vakt kom stjórn Landsbjargar í heimsókn með heljarinnar grillveislu í farteskinu, sem hvarf hratt ofan í mannskapinn enda allir orðnir svangir eftir viku á fjöllum. Veðrið lék við okkur þessa viku þrátt fyrir súld niðri í byggð á leiðinni upp eftir. Hver dagur var heiðskír og glampandi sól í auðninni. Lítið var í ám, fremur lítil umferð og fáir ferðamenn, og vikan reyndist mikill og góður skóli sem skildi eftir reynslu hjá okkar fólki.

Nýr bíll var keyptur í september, Nissan Patrol 44" breyttur, árgerð 2002. Hann er úbúinn öllu því helsta sem björgunarsveitarbíl þarf að hafa og með mikla „reynslu“ af björgunarsveitarstörfum eftir að hafa síðast þjónað björgunarsveitinni Kili.

Landsæfing var haldin á Vestfjörðum þann 8. október og fóru tveir af Týsmönnum með Dalbjörg á hana. Unnið var í verkefnum sem reyndu á skyndihjálparkunnáttu, böruburð í brattlendi og rústabjörgun.

Félagar björgunarsveitarinnar heim sóttu grunn- og leikskólana og fengu bæði börn og starfsfólk endurskinsmerki endurskinsmerki frá Tý, eftir

fræðslu og spjall um endurskinsmerki og umferðarreglur. Á árinu fór svo einn félagi á kynningu á *rescue runner jet ski* hjá Súlum.

Unglingadeildin var starfandi á árinu en tók sér gott sumarfrí. Farið var í leitartækni með útiæfingu, skyndihjál, kynningu á línuvinnu, rötun og ferðamennsku. Í október var svo farið til Siglufjarðar til að hitta unglingadeildina Smástráka. Þar var sigið utan á tönkum og farið í sjóinn í flotgöllum.

Aðalfundur Týs var haldinn þann 4. desember og formaður er Þorgils Guðmundsson.

Útköll

Nokkuð var um útköll yfir veturinn í Víkurskarð vegna slæms veðurs, en sum voru afturkölluð þegar fólk var komið í hús eða viðbúið að leggja af stað í aðstoð. Þann 29. október fóru fjórir félagar frá Tý af stað í leit í Skagafjörð sem var afturkölluð þegar við vorum rétt komnir út úr bænum. Í nóvember fóru þrír félagar til leitar við Sólheimajökul. Á heimleiðinni var farið í Laugarfell þar sem nokkrir Dalbjargarfélagar voru staddir og grilluðum við þar og gistum.

Nánar má fræðast um björgunarsveitina Tý á heimasíðu sveitarinnar: <http://tyr.123.is>

Flugeldasalan verður í Valsárskóla 29.-30. desember kl. 15-22 og 31. desember kl. 11-16.

Áramótabrenna og flugeldasýning verður á gamlárskvöld kl. 20 við vitann.



Nýr Patrol sem keyptur var í haust.



Týr óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár



G Gröfur

Óseyri 2 • 603 Akureyri
Sími 462 5700 • Fax 462 5701

*Óskum viðskiptavinum okkar
farsæls komandi árs
með þakklæti fyrir árið sem er að líða*



Óðinsnes 2 • Sími 460 4800

DALBJÖRG

ÞAKKAR VEITTAN STUÐNING

B BLIKKRÁS EHF

Plastás ehf
Einangrunarplast 

Óseyri 4 - Sími 462 7799

Deloitte.



JANUS

BÍLVIRKI ehf.
Goðanesi 8-10

Landflutningar
SAMSKIP



 Landsvirkjun




VÍKINGUR

Hafnarstræti 104
Sími 461 5551



 KRAFTBÍLAR



Trésmíðaverkstæði

Björns
frá Hesjuvöllum

- Skjót og góð þjónusta -
- Alveg dagsatt! -

Sími 893 6589



FLUGELDAMARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



Afgreiðslutími:

28. desember kl. 13-22

29-30. desember kl. 10-22

31. desember kl. 9-16

6. janúar (prettándinn) kl. 12-16

Flugeldasími: **867 8586**



Hjálparsveitin **DALBJÖRG**